

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingar á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Miðbæjarreits á Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 11. maí 2004, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Miðbæjarreits.

Breytingin felst m.a. í að svæðið verði tekið undir blandaða byggð fyrir verslun, þjónustu og íbúðir. Á svæðinu verða 4 lóðir, tvær lóðir fyrir íbúðarhús sem verða 3.300 m² og 3.800 m², lóð Skagavers og lóð fyrir verslunarmiðstöð sem verða samtals 27.700m².

Tillagan var auglýst samkv. 25. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

F. h. sviðsstjóra tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar, 9. júlí 2004,

Guðný J. Ólafsdóttir.

AUGLÝSING

um gjaldskyldu á bílastæðum við Grettisgötu milli Snorrabrautar og Barónsstígs.

Borgarráð ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 6. júlí 2004, með tilvísun til 20. gr. samþykktar um Bílastæðasjóð Reykjavíkur frá 1. mars 1988, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Bílastæði við götukanta Grettisgötu milli Snorrabrautar og Barónsstígs verði gjaldskyld.

Settir verði upp miðamælar beggja megin götunnar, með tímagjaldinu 80 krónur á klukkustund. Lágmarkstími verður 14 mínútur fyrir 10 krónur, en enginn hámarkstími.

Ákvörðunin tekur þegar gildi.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 8. júlí 2004.

Þórólfur Árnason,
e.u. **Gunnar Eydal.**